

Umsögn um frumvarp til laga:

Pungunarrof - 393. mál, lagafrumvarp 149. löggjafarþing 2018–2019

Stjórn Frelsisflokksins kt. 680617-0230, vill koma með eftirfarandi athugasemd við nýtt frumvarp um fóstureyðingar:

Stjórn Frelsisflokksins fordæmir harðlega hið nýja frumvarp um svokallað "þungunarrof". Við berum virðingu fyrir lífinu og viljum varðveita það. Þar gildir einu hvort um er að ræða fædda eða ófædda einstaklinga. Það að breyta lögum í þá veru að fóstureyðingar verði leyfðar fram að 22. viku finnst okkur algerlega ábyrgðarlaust, vanhugsað og teljum það alvarlegan skynsemisskort. Tíðni fóstureyðinga á Íslandi er hlutfallslega há. Að lengja tíma fóstureyðinga til 22. viku er á allan hátt neikvætt, þjóðhagslega óhagkvæmt og mannskemmandi. Íslendingum sem og öðrum Evrópubúum fer fækkandi, fæðingartíðni á hverja konu á Íslandi er nú um 1.7% sem er mikil lækkun og koma þar ýmsir þættir að, m.a. aukið aðgengi að fóstureyðingum sem óhjákvæmilega yrði ef frumvarpið yrði samþykkt. Það misbýður algerlega siðferðiskennd okkar að börn í móðurkviði séu bútuð í sundur á kvalafullan hátt fram að 22. viku. Barnið/fóstrið er komið með fullt sársaukaskyn og aðgerðin tekur nokkurn tíma. Þetta er glæpsamlegt og algerlega óverjandi og sýnir mannvönsku á versta stigi. Við förum fram á að skylda ætti allan þingheim til að horfa á myndband sem sýnir framkvæmdina frá 16. til 22. viku áður en greidd eru atkvæði um frumvarpið. Á sama tíma eru pör/hjón að kosta til miklum peningum í að ættleiða börn og fara til þess jafnvel hinum megin á hnöttinn, það þurfa þau að greiða úr eigin vasa á meðan skattpeningum hins almenna borgara er eytt í dráp á ófæddum einstaklingum, er ekki eitthvað ósamræmi í þessu? Nær væri einnig að hvetja konur til að ganga með börn til ættleiðingar og styrkja þann málaflokk. Afleiðingar fóstureyðinga hafa verið rannsakaðar og komið hefur í ljós að konum er mjög hætt við þunglyndi, vímuefnanotkun, hjónaskilnaðir aukast og fjölskyldur splundrast með tilheyrandi afleiðingum fyrir hin börnin sem þeim tilheyra og aukinni áhættuhegðun þeirra. Þetta veldur því að meiri kostnaður verður í heilbrigðiskerfinu vegna aukinnar lyfjanotkunar, innlagna á geðdeildir og annarrar þjónustu sem konur þurfa eftir þann harmleik sem fóstureyðing er. Á allan hátt er þetta því böf, sama hvernig litið er á málin. Við mótmælum því að almennu fé skattborgara sé eytt í verknaðinn og krefjumst þess að frumvarpið verði sett í þjóðaratkvæði, þar sem það yrði fellt. Það er aldrei lausn að deyða líf, heldur veldur það öðrum vandamálum. Barnið verður aldrei hluti af líkama konunnar því það hefur sitt eigið DNA og er því algerlega sjálfstæður einstaklingur.

Við veljum því lífið og mótmælum harðlega auknu svigrúmi til dráps á ófæddum börnum í móðurkviði á kvalafullan og glæpsamlegan hátt!

Hér er myndband sem sýnir 2. Trimester fóstureyðingu, skylduáhorf, svo þið sjáið alvarleikann í að mæla með þessu frumvarpi. Þetta er þó aldrei eins og að horfa á upptöku af raunverulegri fóstureyðingu en talar skýrt! Notið ímyndunarflið: <https://youtu.be/jgw4X7Dw> 3k

F.h. Stjórnar Frelsisflokksins kt. 680617-0230

Vogatungu 70, 270 Mosfellsbæ

Gunnlaugur Ingvarsson, kt: 181155-3889

Guðmundur Jónas Kristjánsson, kt: 130549-3069

María Magnúsdóttir, kt: 230860-7349